



PÉSI

ATH!! Næsti Pési kemur út í **nóv.** Efni þarf að berast í síðasta lagi **1. nóv 2020**



Frá Bókasafni Hrunamanna



Opið:

Mánudaga Kl. 19-20

Þriðjudaga Kl. 16-18

Miðvikudaga Kl. 16-18

Fimmtudaga Kl. 11-13

Alltaf hægt að skila safngögnum í skilalúgunu ☺

Um að gera að kíkja á bókasafnið – lestur er bestur.

Verið hjartanlega velkomin.

Bókasafn Hrunamanna

Félagsheimilinu

Sími: 480 6628

Netfang: bokasafn@fludir.is

Heimasíða: <http://bokasafn.fludir.is/>

Bókasafnið er líka á  Facebook



Sundlaugin á Flúðum.

Opnunartími:

Mánudaga - miðvikudaga: 16:00-20:30

Fimmtudaga: LOKAÐ

föstudaga: 16:00-20:30

Laugardaga og sunnudaga: 13:00-18:00



Okt 2020
Ritstjóri og
ábyrgðarmaður
Jón G. Valgeirsson
Heimasíða: www.fludir.is

Umsjón. Svanhildur Pétursdóttir -
svanhildur@fludir.is

30. árgangur.
353 tölublað.
pesi@fludir.is.
Sími. 480 6600

Sveitarstjórapistill

Októbermánuður er runninn upp og haustlitirnir heilsa okkur með sínum fjölbreytileika. Þessi árstími hefur alltaf sinn sjarma og einn af þeim þáttum hefur verið réttardagurinn þar sem menn koma saman til að fagna sauðkindinni og hverjum öðrum. Bannsettu Covid veirunni tókst að skemma þetta félagslega fyrirbæri fyrir okkur nema eflaust var blessaðri sauðkindinni alveg sama.

Annars hafa Covid málin verið ofarlega á baugi á ýmsum sviðum. Nú þarf því miður að herða aðgerðir og sveitarfélagið tímabundið að takmarka aðgengi að einhverri starfssemi og gæta að smitvörnum sem aldrei fyrr. Ég hvet alla til að huga að persónulegum smitvörnum og almennri aðgát þannig að við reynum að koma í veg fyrir smit í samfélaginu.

Veiran hefur mikil áhrif á samfélagið, bæði heimili og fyrirtæki. Það er því miður talsvert atvinnuleysi í samfélaginu og í ágúst var það 7,7% og spá um að það sé um 9% í september. Vonandi komast allir í gegnum þennan skaf en sveitarstjórnin hefur samþykkt að framlengja úrræði varðandi frestun gjalda til áramóta hið minnsta hjá þeim sem hafa orðið fyrir verulegum áhrifum af Covid-19.

Nú er vinna við fjárhagsáætlun sveitarfélagsins til næstu fjögurra ára komin af stað og reynt að rýna í framtíðina. Mesta þúðrið fer auðvitað í pælingar vegna ársins 2021 en síðan þarf að horfa til framtíðar. Langstærstur hluti fjármagns sveitarfélagsins fer ávallt til fastra verkefna en síðan er nauðsynlegt að fjárfesta í innviðum eins og geta er til þannig að hægt sé að þróa samfélagið áfram.

Síðan þarf að taka ákvarðanir um gjaldskrármál sem er alltaf verðugt verkefni. Ræður þar ýmsu en stærst vega þar þættir sem snerta mögulegar verðlags- og launahækkningar. Eðlilega er pressa á sveitarfélögin að gæta hófs í þeim eignum og verður örugglega reynt að sigla þann sjó eins og hægt er. Hins vegar er eðlilega alger óvissa hvernig Covid áhrifin leika tekjustreymið hjá okkur á næsta ári og síðan eru það áhrif kjarasamninga. Nýjir kjarasamningar hafa nefnilega mikil áhrif á okkur því bæði kemur til stytting vinnuvikunnar og lenging á sumarfríi í 6 vikur hjá öllu starfsfólki. Vinnutímastytting hjá dagvinnufólki er 13 mín. á dag og hjá vaktavinnufólki fer vinnutíminn úr 40 tímum á viku niður í 36 tíma. Hvoru tveggja mun hafa áhrif á annaðhvort launaútgjöld eða þjónustustigið og þarf að spá í hvernig hægt er að púsla þessu saman.

Við þurfum því að skoða alla anga í rekstri sveitarfélagsins og hvernig við getum náð árangri og kannski þurfum við að hugsa einhverja hluti upp á nýtt. Manni hefur orðið tíðrætt um úrgangsmálin en við fyrstu sýn þá sýnist okkur að við séum að ná betri tókum á kostnaði við þann málaflokk þó ávallt sé hægt að gera betur. Þó að mörgu leiti sé vel flokkað þá skiptir miklu máli hvar hvað endar. Sem dæmi má nefna að í ágúst fóru í gegnum hirðuna 12, 5 tonn af blátunnuefni, 2,7 tonn af lífrænu og 51 tonn af almennum úrgangi.

Varðandi kostnað við eyðingu er hann á blátunnuefni 0 kr., lífrænu 18 kr. og almennum brennanlegum úrgangi 32 kr. á kílóíð. Þá fóru 5,7 tonn af grófum úrgangi úr sveitarfélaginu en fyrir hann borgum við 40 kr. á kílóíð. Síðan eru sveitarfélögin í Uppsveitum að skoða hvort hagkvæmt sé að bjóða sorphirðuna sameiginlega út en væntanlega myndi það þýða fyrir okkar að við þyrftum að taka upp fjöggra tunnuklokkun.

Nú er ljósleiðaravæðing Flúða komin vel af stað og TRS fer að blása ljósleiðaranum í fyrstu húsin í þessari viku þannig að vonandi verður hægt að tengja fyrstu húsin á næstu vikum. Vil ég þó benda fólki á að það þarf að huga að innanhúslögnum því Hrunaljós skilar verkinu í tengibox fyrir innan húsvegg. Það er líklegt að alþjónustukvöð Mílu á koparkerfinu verði aflögð á næsta ári og það þýðir trúlega að koparkerfið verður aflagt og þá er eins gott að ljósleiðarakerfi Hrunaljöss verði tilbúið að taka við keflinu.

Sveitarfélagið hefur samþykkt að framlengja samstarfssamning við Gott bú um eitt ár þannig að þau bjóði upp á almenningssalerni á Gömul Grund en þetta tilraunaverkefni hefur tekist ágætlega. Við tókum síðan stöðuna að ári en best væri að sveitarfélagið þyrfti ekki að koma að þessu verkefni.

Síðan hefur verið endurnýjaður samningur við UMFH um aukinn stuðning við félagið sem vonandi skilar sér í enn betra starfi og stuðning við þá sem nýta sér þessa þjónustu. Einn angi af þessu starfi UMFH er að körfuknattleiksdeild UMFH hefur hafið keppni í 1. deild og var einmitt fyrsti heimaleikur tímabilsins hjá þeim við nágretta okkar á Selfossi. Það er alltaf gaman að vinna granna sína þannig að ég óska þeim til hamingju með fyrsta sigurinn en það verður greinilega góð stemming á pöllunum í íþróttahúsinu í vetur nema Covid komi í veg fyrir það.

Sérstakur vinnuhópur um uppbyggingu hjúkrunarheimilis hefur verið að funda talsvert út af þessum hugmyndum og nú er málið komið á það stig að sent hefur verið erindi á hin sveitarfélögin í Uppsveitum um möguleika á samstarfi við þessa hugmynd. Þetta er reyndar vinna sem tekur ár að koma á koppinn en gott að búa sig undir framtíðina í tíma.

Annað sem þarf að skoða er hvort þurfi að gera einhverjar breytingar í hjólhýsabyggðinni á Flúðum, m.a. vegna krafna um brunavarnir. Nú stendur til á næstu árum að loka hjólhýsasvæðunum í Þjórsárdal og á Laugarvatni. Sem betur fer eru aðstæður allt öðru vísi og betri á Flúðum en sveitarfélagið og rekstaraðilar munu fara yfir þetta í rólegheitunum hvort nýjustu tíðindi kalli á einhverjar breytingar vegna eldvarna.

Það var gaman að vera hlustandi í Félagsheimilinu á Flúðum í tilraunarverkefni með Sinfóníuhljómsveit Suðurlands en sveitin spilaði fyrir yngsta stig grunnskólanna í Uppsveitum. Það er reyndar kórstjóri Karlakórs Hreppamanna sem er aðalsprautan í þessu verkefni en ljóst er að mikill metnaður er fyrir hönd okkar Sunnlendinga með þessa menningarhugmynd.

Nú hefur verið ráðinn tímabundið til vorsins nýr umsjónarmaður Félagsmiðstöðvarinnar Zero en það er Margrét Sævarsdóttir sem er nýflutt með fjölskylduna í sveitarfélagið. Óska ég henni velfarnaðar í starfinu og þakka Maju kærlega fyrir frábær störf í félagsmiðstöðinni í gegnum árin.

Að lokum vil ég lýsa áhyggjum mínum yfir skemmdarverkum sem voru unnin í Lækjargarðinum í haust og minni á að þetta er sameign okkar allra. Vil almennt biðja alla að sýna eigum sveitarfélagsins virðingu og sérstaklega árétta að foreldrar og forráðamenn barna brýni fyrir börnum sínum að ganga vel um.

Höfum það gott saman og sýnum samstöðu á erfiðum Covid tímum.

Jón G. Valgeirsson

Skrifstofa Hrunamannahrepps.

Opnunartími .

Mánudaga til fimmtudaga: 09:00-12:00

og 13:00-16:00,

Föstudaga: 09:00-12:00



Hrunamannahreppur

Flokkunarhornið.



Hægt er að nálgast trjáskul endurgjaldslaus á Gámasvæðinu á Flúðum.



LANDSTÓLPI 20
ára
—2000—2020—

**Þú færð rekstrarvörur til heimilis og olíuvörur hjá okkur!
.....og allt fyrir dýrin....stór og smá!**

Gunnbjarnarholti, 804 Selfossi
Sími 480 5600 - Opið virka daga 8-17

Kaupvangi 10, 700 Egilsstöðum
Sími 480 5610 - Opið virka daga 9-17

Flutningaþjónusta Unnars



Sími: 856 1580 • Netfang: vondull@simnet.is

Frá félagi eldri Hrunamanna

Leikfimi fyrir féлага í Félagi eldri Hrunamanna hefst mánudaginn 5 október, í íþróttahúsinu. Komum hress og kát og liðkum okkur undir stjórn Gunnars Gunnarssonar. Kveðja stjórnin.

Laugarás

Heilsugæslustöð



Laugarás, 801 Selfoss



432 2770

Healthcenter Laugarási, tel: +354 432 2770.

SÍMI VAKTÞJÓNUSTU LÆKNA OG
HJÚKRUNARFRÆÐINGA Á HSU ER **1700**
Í NEYÐARTILVIKUM HRINGIÐ Í **112**

Dömu- og herraklipping, litun -og strípur.

Klippi í Félagsheimili Hrunamanna.

Vinsamlegast pantið tíma í síma

845-9816 Halyna.



KRANAÞJÓNUSTA

B. R. SVERRISSON EHF.

Sími 864 2499 (Bjarni)
brbjarni@gmail.com



72 tonnmeter krani • 2,3 tonn í 21 meter
2 t spil • Bíll með drifi á framöxl

Daglegar vöruferðir í uppsveitir Árnessýslu - Selfoss - Hveragerði - Reykjavík

Brottför frá Flúðum kl. 8.00 alla virka morgna
og frá Nesfrakt í Reykjavík kl. 12.00.

Öllum vörum keyrt heim til viðtakanda.



Hafðu samband

Héðinsgata 1 - 3, 105 Reykjavík
Sími 533-2211 - www.nesfrakt.is
Beint samband í flutningabíl 773-1626

Nesfrakt

NUDD - BOWEN - MASSAGE

Nú er í boði endurnærandi heilnudd og Bowen meðferð í Íþróttamiðstöðinni Reykholti á mánudögum og þriðjudögum. Tímabókanir eru í síma eða í gegnum facebook síðu.

Einnig eru fáanleg gjafabréf í nuddmeðferðir sem eru tilvalin gjöf við öll tækifæri.



Now it's available to get massage and Bowen treatment in Íþróttamiðstöðin Reykholt (the swimming pool) on Mondays and Tuesdays. To make an appointment please call or book through my facebook page.

- Nils Guðjónsson - Bowen tæknir -

Sími/Tel: 897-6944 - nilsgudjon@gmail.com -
facebook.com/NG ehf



Opnunartími á Gámasvæðinu á Flúðum!!

Opnunartíminn verður frá kl. 13:00-18:00, mánudaga, miðvikudaga, föstudaga og laugardaga. Fyrir utan þessa tíma verður gámasvæðið aðgengilegt á fæti og auk þess verður í neyðartilvikum hægt að hafa samband við starfsmenn sveitarfélagsins um aðgengi að svæðinu.

Sími hjá umsjónarmanni gámasvæðis: 835 1355

Lyfja útibú Laugarási OPNUNARTÍMI

mánud. – fimmtudaga: 10 - 16
föstudaga: 10 - 13

Skráargatsmerktar matvörur

Til að einfalda það fyrir okkur að velja hollara þegar við verslum þá má leita eftir græna skráargatsmerkinu á matvörum. Skráargatið er opinbert merki sem setja má á umbúðir matvara sem uppfylla ákveðin skilyrði varðandi samsetningu næringarefna:

- Minni og hollari fita
- Minni sykur
- Minna salt
- Meira af trefjum og heilkorni



Einfalt að velja hollara



Baggamunur

Bókhalds- og skattapjónusta

Smiðjustígur 6, Flúðum

www.baggamunur.is

s@baggamunur.is

866-9035



Fjallaraf
sími 662 0530

Hjörleifur Ólafsson
Raffræðingur Löggiltur rafverktaki

Fossi
Hrunamannahreppi
845 Flúðir

Sími 662 0530
Fax 486 6432
fossi@fossi.is

Íbúar í dreifbýli

Munið að koma með slökkvitæki heimilisins til okkar í slökkvistöðina að Árvegi 1 á Selfossi.

Starfsmaður Slökkvitækjaþjónustu Suðurlands mun taka á móti ykkur og skipta út tækjunum og afhenda rafhlöður í reykskynjara, ykkur að kostnaðarlausu samkvæmt þjónustusamningi við sveitarfélögin.



Nánari upplýsingar á slökkvistöðinni á Selfossi í síma 4-800-900 eða á slokkvitaeki@babubabu.is



RAFMAGNSVERKSTÆÐI
JENS OG RÓBERTS

TÖKUM AÐ OKKUR:
ALLA ALMENNA
RAFVIRKJAPJÓNUSTU



SJÁUM UM TEIKNINGU
OG HÖNNUN
RAFLAGNA

JENS PÉTUR JÓHANSSON
893-7101
RAFJENS@EYJAR.IS

SMÆRRI JAFNT SEM
STÆRRI VERKEFNI.

RÓBERT EINAR JENSSON
899-9554
ROBBIRAF@SIMNET.IS



Öll almenn smíðavinna,
nýsmíði, viðhald og viðgerðir
Slavík Flúðum sími: 888-1975/865-7499



Opið frá kl: 08:00-17:00

Grænna land ehf.

Hellulagnir

Áburðargjöf

Beðahreinsun

Garðsláttur

Garðaúðun

Gróðursetning trjáplanta

Ráðgjöf um hönnun garða

Trjáklippingar


Þökulagnir

Trjáplöntusala



Erla Björg Arnardóttir
Garðyrkjufræðingur
Sími: 858-3399
graennaland@simnet.is

Úrbeiningarnámskeið í Uppsveitunum!



Í tilefni þess að þema í Heilsueflandi samfélagi í bæði Bláskógabyggð og Hrunamannahrepp er næring og fókusinn hefur verið á hollt og gott úr sveitinni. Þá er tilvalið að halda úrbeiningarnámskeið sem kennir okkur að vinna hágæðavöru úr því hráefni sem Uppsveitirnar bjóða uppá.

Leiðbeinandi verður Ævar Austfjörð, en hann er yfirmatráður við Flúðaskóla og er menntaður kjötiðnaðarmaður og matartæknir. Áður en hann tók við starfinu hjá Flúðaskóla starfaði hann í sex ár sem yfirbryti hjá HSU í Vestmanneyjum.

Námskeiðið er 4 tíma langt og verður haldið í eldhúsi félagsheimilisins á Flúðum og geta 8 manns skráð sig á námskeiðið. Ef næg þátttaka næst þá er möguleiki að endurtaka það. Ævar mun byrja með sýnikennslu og síðan aðstoða þátttakendur við að vinna lambaskrokk.

Námskeiðsgjald: 17.000 kr. og til viðbótar kemur einn lambaskrokkur á 14.000 kr., en þó geta bændur komið með eigið kjöt ef það er stimplað frá sláturhúsi/dýralæknir. Hver þátttakandi vinnur með einn lambaskrokk og tekur með sér heim að loknu námskeiði. Hver þátttakandi þarf að koma með úrbeiningarhníf og skurðarbretti, gjarnan um það bil 50x50 sm. Einnig gott að hafa með klút eða viskustykki.

Staður: Félagsheimilið á Flúðum, gengið inn bakdyramegin inn í eldhúsið.

Dagsetning 31. Október, kl. 13

Skráning og fyrirspurnir sendist inn til

Gunnar Gunnarsson

verkefnastjóri

Heilsueflandi Uppsveitir

heilsueflandi@fludir.is

sími: 8925532



Litla Melabúðin

FARMERS MARKET

Vetraropnun

Mánudaga: 12-17

Priðjudaga: Lokað

Miðvikudaga: 12-17

Fimmtudaga: 12-17

Föstudaga: 12-17

Laugardaga: 11-17

Sunnudaga: 12-17



<https://www.instagram.com/litlamelabudin/>



<https://www.facebook.com/litlamelabudin>

Athugið!

*Árshátíð félags eldri Hrunamanna
sem halda átti 24 okt. 2020 er
frestað ótímabundið. Nefndin*

**Óskað er eftir tilnefningum
til hvatningarverðlauna
á sviði menningarmála
á Suðurlandi 2020**

Samtök sunnleuskra sveitarfélaga (SASS) óska eftir tilnefningum til samfélags- og hvatningarverðlauna á sviði menningarmála á Suðurlandi. Frestur til tilnefninga er til miðnættis mánudaginn 12. október nk. og þær skal senda á netfangið: menningarverdlaun@sass.is. Veitt verður viðurkenning sem og peningaverðlaun sem nýtt verða til áframhaldandi menningarstarfs á Suðurlandi. Nánari upplýsingar má nálgast á heimasíðu SASS: www.sass.is.



SASS
SAMTÖK
SUNNLEUSKRA
SVEITARFÉLAGA



Kirkjuskóli, fermingarstörf og alls konar helgihald!

Kæru sveitungar.

Ekki þarf að fjölyrða um fordæmalaus tíma síðustu mánuðina vegna veirufaraldursins. Við náðum þó að ljúka fermingarmessum núna á þessu hausti og bindum vonir um að safnaðarstarfið geti orðið með hefðbundnum hætti í vetur. Eins og í fyrra er boðið upp á kirkjuskóla fyrir yngsta aldurshópinn fjóra laugardaga í september og október klukkan 11. Kirkjuskólinn verður starfræktur í Hrepphólakirkju og fyrsta samveran var laugardaginn 21. september og síðan næstu þrjá laugardaga í framhaldinu. Fjölskylduguðsþjónusta sunnudaginn 18. október markar lok kirkjuskólans sem verður í umsjá Jónu Heiðdísar Guðmundsdóttur, djáknakandidats, og sóknarprests. Þá verður boðið upp á kyrrdarbæn á fimmtudagskvöldum kl. 20 í Hrepphólakirkju í sex vikur í október og nóvember og mun Jóna Heiðdís leiða þær samverur.

Hversdagsmessur, fjölskylduguðsþjónustur og aðventusamkomur

Hversdagsmessur í miðri viku munu prýða dagskrá helgihaldsins og að venju verða fjölskylduguðsþjónustur einu sinni í mánuði. Aðventusamkomur verða síðan í Arnési og í Hruna á fyrsta sunnudegi í aðventu.

Fermingarstörfin hefjast

Fermingarbörn og foreldrar þeirra mættu til kynningarfundar í Hrunakirkju sunnudagskvöldið 20. september sl. Þá var farið yfir skipulag fermingarstarfanna í vetur. Fermingarfræðslutímarnir verða að venju á mánudögum í október og nóvember kl. 15-17 í safnaðarheimilinu í Hruna.

Takið frá pláss á ísskápnum!

Dagskrá helgihaldsins í kirkjunum okkar á að hafa borist í hvert hús í prestakallinu um miðjan síðasta mánuð og er þess vænst að hún hafi fengið sitt fasta pláss á ísskáp heimilisins eða minnistöfluu. Viðburði og helstu fréttir úr kirkjustarfinu má finna á fésbókarsíðu prestakallsins, [facebook.com/hrunaprestakall](https://www.facebook.com/hrunaprestakall) og á heimasíðunni hruni.is. Framundan í helgihaldinu er eftirfarandi

4. okt.: *Guðsþjónusta* í Ólafsvallakirkju kl. 11 og *guðsþjónusta* í Hrunakirkju kl. 14.

Kyrrdarbæn í Hrepphólakirkju hefst fimmtudaginn 8. okt. kl. 20 og verður næstu fimm fimmtudaga á eftir.

12. okt.: *Hversdagsmessa* í Stóra-Núpskirkju á mánudagskvöldi kl. 20.

18. okt.: *Fjölskylduguðsþjónusta* í Ólafsvallakirkju kl. 11 og *kvöldmessa með léttri tónlist* í Hrepphólakirkju kl. 20.

1. nóv.: *Allra heilagra messa* í Hrunakirkju kl. 11.

9. nóv.: *Hversdagsmessa* í Ólafsvallakirkju á mánudagskvöldi kl. 20.

Ég hlakka til samfunda í haust og vetur. Guð blessi okkur haustið og veturinn framundan.

Óskar Hafsteinn Óskarsson sóknarprestur



Hrunaréttir 2020





Borhola 9 við Hellisholtalæk



Frá undirskrift
nýs samnings
við UMFH



Flúðum, Hrunamannahreppi,
Sími: 480 6620, Netfang: undraland@undraland.is


Leikskólafréttir

Hér á leikskólanum er starf vetrarins komið á fullt. Núna eru 39 börn við nám hjá okkur og starfsmannahópurinn er stöðugur og vinnur vel saman. Við erum að vinna í því að opna nýja heimasíðu sem verður tengd við foreldrasíðuna Karellen en það er skráningar og samskiptakerfi fyrir starfsfólk og foreldra leikskóla.

Við notum umhverfið hér mikið, gönguferðir og ýmiskonar uppgötvunar leiðangrar eru farnir, allir nemendur fara í þessar ferðir. Allt frá árgömlum börnum upp í þau elstu. Blær sem er vináttubangsi er reglulegur gestur og hvert barn fær lítinn Blæ þegar þau byrja í leikskólanum. Lubbi er líka reglulegur gestur en hann fer um landið og finnur málbein og kennir börnunum máhljóðin. Við erum líka að vinna í því að verða heilsuefandi leikskóli og finnst við vera dugleg að hugsa um heilsuna förum út á hverjum degi, oftast tvisvar, og svo fara allir nemendur í íþróttahúsið einu sinni í viku. Þetta er svona smá sýnishorn af því sem við erum að gera hér í leikskólanum en alltof langt mál yrði að telja allt upp.

Þó Covid setji smá strik í reikninginn reynum við að hafa starfið eins eðlilegt og frekast er unnt. Við vorum rétt búin að opna húsið fyrir foreldrum þegar þriðja bylgjan fór á flug og lokuðum því aftur. Við tókum á móti börnunum og skilum úti þegar veður leyfir. Ef við erum inni eru þeir sem koma og sækja beðnir að nota dyrabjöllur sem eru við hvern útgang. Við erum jú öll í þessu saman og erum öll almannavarnir. Vonandi getum við boðið ykkur í heimsókn þegar Covid ástandið hverfur og hlökkum mikið til að geta opnað leikskólann aftur fyrir öllum sem vilja koma til okkar.

Í nóvember verða börnin á leikskólanum orðin 40 og **stefnir í að leikskólinn verði fullur**. Ég vil því biðja þá foreldra sem hafa hug á að sækja um pláss á nýju ári að gera það sem fyrst svo hægt sé að raða niður og sjá hver staðan verður. Í reglum er gert ráð fyrir að 18 mánaða börn fái leikskólapláss en við höfum tekið árgömul börn inn **á undanþágu** þegar pláss er fyrir þau.





80
STAÐIR
UM LAND ALLT

E **EIMSKIP**
Flytjandi



ÞARFTU AÐ LÁTA FLYTJA EITTHVAÐ?

Við sinnum öllum almennum flutningum til og frá Suðurlandi.
Daglegar ferðir um alla Árnessýslu og hvert á land sem er.
Hafðu samband hvort sem um er að ræða tilboð í einstakan flutning
eða reglubundna flutningsþjónustu.

E **EIMSKIP**
Flytjandi

Háhelvíð 8 | 800 Selfoss | 525-7951 | flytjandi.is